

## Svo mælti Esther Vilar um kvenkúgara – birtist í Vísi 14. október 2019

Esther Vilar fæddist árið 1935 þýskættuðu foreldri í borg hinna góðu vinda (Buenos Aires) í Argentínu. Hún nam læknisfræði í fæðingarborg sinni, en hélt síðan til Þýskalands, þar sem hún bætti við sig námi í sálfræði og félagsfræði. Esther hefur haft ýmsan starfa með höndum auk læknisstarfa. Árið 1971 skrifaði hún bókina um tamda eða skilyrta karlinn, „Der dressierte Mann.“ Ári síðar kom út í Bandaríkjum Norður-Ameríku (BNA) aukin og endurbætt útgáfa undir nafninu, „The Manipulated Man.“ Þá útgáfu er stuðst við hér. Bókin olli ógnarlegu fjaðrafoki. Höfundur uppskar hatursfull viðbrögð kvenfrelsara, m..a. líflátshótanir. Um síðir sá Esther sig tilneydda að flýja land. Verkið tileinkar Esther konum og körlum, sem boðskapur bókarinnar á ekki við um.

Meginhugsjón kvenna í lífinu yfirleitt er að hraða sér í hnapphelduna eða með öðrum hætti að finna sér karl til framfærslu. „Mikilvægasta hugsjón konu er líf án vinnu eða ábyrgðar – en hver getur slíku lífi lifað, nema barn.“ ... „Konan líkir eftir barninu – áreynslulausum hlátri þess, bjargarleysi, verndarþörf. Líta þarf til með barni, það bjargast ekki á eigin spýtur. Og hvað tegund sér ekki um afkvæmi sín eðlinu samkvæmt. Það ríður á því – annars deyr hún út.“

Hugsjónin mótaðist við magnþrungin áhrif í bernsku. Greind hennar beið hnekki. „Síðasta frumlega hugsun stúlkubarns kemur í ljós um fimm ára aldur. Síðan sér móðir hennar [stúlkunnar] til þess að undiroka öll teikn um vaxandi greind.“ Það er þó ekki svo, að skorti eðlisgreind í sjálfu sér, heldur eru telpurnar nauðbeygðar til að tileinka sér dæmigerða kvengreind, þ.e. áunninn vitsmunaskort.

Í ljósi hugsjónarinnar verður kona því að tæla til sín karl. Henni hefur lærst, að snoppufríðleiki geri hann veikan á svellinu. Það verður því konunni aflvaki til að skreyta sig og gera sig til. „Án andlitskreytinga, hárlíða, armbanda og hálsmena er konan í rauninni ekki til staðar.“ ... Skrautið „þjónar í fyrsta lagi þeim tilgangi að gera sig til fyrir körlum og í öðru lagi sveipa sig dularfullum blæ ... hún ruglar hann [karlinn] þrálátlega í ríminu. ... „[K]onur leitast við að ... varðveita ásjónu ungbarnsins eins lengi og kostur er, í þeirri viðleitni að sannfæra veröldina um tilvist elskunnar, blíðu ungmeyjarinnar, sem hún einu sinni var. Og [þannig] leysir hún úr læðingi [eðlis]læga hvöt karla til að vernda sig og sýna sér umhyggju.“

„Hún [konan] hefur árangur sem erfiði í þessum þykjustuleiki – ekki síst, þar sem greindarlegrar vangaveltur hamla henni ekki.“ Þannig verður kvenmennskan til. En aftur á móti verður „karlmennskan ... til sem afleiðing lævíslegrar stjórnunar af hendi konunnar.“ Þó er karlinn ekki öldungis saklaus, þar sem hann hvetur til þessa með framleiðslu snyrtivara og tískuhönnun.

Andstætt við það, sem á við um eigið útlit, er útlit karla venjulega fundið léttvægt. Hann er veginn og metinn á öðruvísi hjónabandsvog, samkvæmt skaffaræiginleikum. Öndvert við konur klæðir hann sig ekki kynþokkalega ögrandi. „[A]llir karlar hljóta vera ljótir í augum kvenna. [Slík sýn] auðveldar henni að velja sér karl eftir innkomu og lífsstaðli, sem hann er líklegur til að bjóða henni.“

Auk dugnaðar til framfærslu leggur konan áherslu á frjóssemi karlsins. „Það er einungis einn þáttur í kyngetu karlsins, sem skiptir konu máli – hvort hann hafi burði til að gera henni börn eða ekki.“ Minna máli skiptir í sjálfu sér, hvort honum rísi hold. En vangeta á því sviði er karli til hneisu og vanvirðingar. Konan „er líkleg til að velja sér karl með skerta kyngetu, því kunnáttan um veikleika hans dugar alltaf vel til kúgunar.“ ... „[P]að er [nefnilega] karlmannsins eigið álit, að standi hann sig ekki í stykkinu sem kynlífsvél, sé hann heillum horfinn.“ ... „[F]remur vildi hann þjófur kallast eða morðingi, en getulaus.“

Þegar upp er staðið skiptir kynlíf konu að öðru leyti litlu máli, enda þótt hún njóti dyggrar þjónustu karlsins. „[K]onan veitir karlinum leyfi til að þjóna sér til sængur á sama hátt og á öðrum sviðum lífsins. Jafnvel þótt samræði veiti karlinum unað, þegar fram í sækir, felur það í sjálfu sér ekkert annað í sér, heldur en þjónustu við konuna. Þar sýnir hann yfirburði sem elskhugi, vekur þrána hugvitsamlegar og snöfurlegar, dvelur lengur í henni.“ En hamingjuna finnur konan oftár á öðrum vettvangi. „Vitaskuld finnur konan til hamingju við kynferðislega fullnægingu. [E]n hún þekkir aðra fullnægju meiri. Miklu dýpri er gleði hennar í hanastélsteiti eða þegar hún eignast eggaldinlituð og fágæt (patent) leðurstígvéli.“

Þegar fegurðin fölnar og kynþokkinn minnkar, dregur úr kynferðislegu aðdráttarafla á karlinn. En konan á fleiri tromp á hendi., eiginleikann til að ala börn í kviði sínum. Þessi sérkenni konunnar eru henni dýrmæt. „[S]érkenni líffæra konunnar eru henni til framdráttar, hvenær sem svo ber undir. Aftur á móti er karlinn þræll sinna.“

Barneign verður því upplögð leið til að herða á hnappheldunni, en þó ekki einasta hvötin til barneigna. „Andrúmsloft hjálparleysis og sú afsökun, sem í kjölfarið fylgir, að lifa lífi sínu fyrirhafnarlítið, án þess að hafa yfirmann yfir höfði sér, er augljóslega ekki einasta ástæða þess, að konur framleiða smáar mannverur.“ ... „Vitaskuld freistast hún til að leika þennan dásamlega leik.“ ... „Tvö eða þrjú börn eru nauðsynleg til að tryggja efnalegt öryggi og ... [til að skapa aðstæður], þar sem konan virðist hjálparvana og ófær um að sjá sér farborða.“

Óþægindi og amstur við meðgöngu og uppeldi er í sjálfu sér góð „fjárfesting.“ Vissulega eru óþægindi tengd því að ganga með og annast börn, en slíkt hefur minni þýðingu, þegar skoðað er, hvað konan fær í staðinn: „[Æ]varandi öryggi, þægindi og frelsi til ábyrgðarleysis.“ Því er barnsburður kjörinn til að negla karlinn, sem oft kvelst af samviskubiti yfir því að verða valdur að kvölum konunnar, tengdum barnsburði og fæðingu, enda þótt sjaldgæfar séu nú orðið vegna uppfinningar karla á deyfilyfjum: „[B]arnsburður er sveipaður svo hrollvekjandi ímyndunum, að karli dytti aldrei í hug, að barnið sé í heiminn borið vegna hans, en ekki móðurinnar.“ Sveinbarns bíður innrætingin til kvenskilgreindrar karlmennsku: „Það er konunnar gæfa, að karlkyns hvítvoðungar séu í náinni lögsögu hennar. Þar er einfaldast að ná tókum á þeim.“

Yfirlýst ást til barna, móðurástin, færir konunni völd á sama hátt og ástin til karlsins. En er þessi ást málum blandin? „Það er núíð að færa sönnur á, að konur í raun elski ekki börn, að þær noti þau sjálfum sér til framdráttar.“ ... „Konur sýna einungis umhyggju eigin börnum, aldrei börnum annarra.“ ... „[K]ona myndi heldur skjóta skjólshúsi yfir flækingshund eða flækingskött, fremur en vergangsbarn. Og samt þykist hún elska börn.“ ... Fórnfýsi í garð

barna er viðbrugðið. T.d. eru í Indlandi hundruð þúsunda barna, sem svelta í hel. Þeim „mætti auðveldlega bjarga fyrir það fé, sem konur nota í naglalakk og hreinsi til að ná því af.“

Hvað svo sem um móðurástina má segja, vekur móðurhlutverkið virðingu samfélagsins. Einatt er litið á móðurina sem fórnarlamb, t.d. þegar hún fæðir vanskapað eða þroskaheft barn. „Sem móðir þroskahefts barns uppsker hún píslarvætti, er virt og dáð.“

Þegar í hnapphelduna er komið og börnin komin í heiminn, virðist hin frjálsa kona komin á hamingjubrautina. Esther bendir á konur í BNA sem dæmi. Hin frjálsa kona er allsnægtahúsmóðir. Heimili hennar er búið öllum hugsanalegum tækjum, sem karlmennirnir hafa fundið upp til að létta konum lífið. Oftar en ekki á hún eitt eða tvö afkvæmi. Hún ráfar um á vettvangi menningar, fjölmiðlunar og lista. Stundum vinnur hún, en laun hennar hafa engin úrslitaáhrif. Þannig er hin „frelsaða kona“ jafn fávís og hinar kynsystemar. En hún vill ekki láta á því bera. Hin heimavinnandi húsmóðir hefur í reynd miklu fleiri tækifæri til að þroska sig og mennta, heldur en heldur t.d. ritari.

Eiginkonan í BNA er sú hæst launaða í veröldinni. Konur kaupa meginhluta alls varnings, sem framleiddur er. Þær eru ofurneytendur snyrtivara; nota meiri varalit, kvoðu, púður, kinnalit og fatnað til uppgerðar, heldur en konur annarra þjóða í heimi hér. Hvergi búa konur við meiri þægindi. Börn veita henni öruggar tekjur. Til að tæla karla inn í hnapphelduna beitir hún brögðum eins og tilbúnum brjóstum og ásettum afturendum. Konur í BNA eru þó í engu verri en aðrar konur. Þær eru einungis komnar lengra. Tilburðir hennar til blygðunarlausrar misnotkunar karla væru þó hjóm, væri þeim ekki þrálátlega hampað af öflugum kvikmyndaiðnaði og sjónvarpsstöðvum.

Konur af þessari undirtegund kvarta þrálátlega yfir því, að þær njóti ekki sömu tækifæra og karlinn. „Í stað þess að taka upp baráttuna við svo búið, grípur hún til fótanna í trúðsgervi [snyrtivaranna] eins og skreytt jólatré, leitar uppi söfnuð sinn og orgar [slagorð] um frelsi kvenna, kvenréttindi og jafnrétti handa konum. Það hvarflar aldrei að henni, að ójöfn staða [kynjanna] sé af hennar völdum eingöngu ... umfram allt sökum miskunnarlausrar stjórnunar á karlinum.“ ... „Eiginkarlar þessara kvenna eru átakanlega vansælir.“

Sumar grípa þó til vopna. En það er grátbroslegt, að kvenfrelsarar í BNA beini spjótum sínum að röngum andstæðingi, körlum, rétt eins og aðrar kvenfrelsunarhreyfingar sögunnar. Karlar eru þeirra einustu bandamenn, en þá ófrægja þær blygðunarlaust. Það er við menntakonur úr þeirra röðum að sakast. Þær hafa ekki verið afhjúpaðar sem slóttugustu þrælasalar veraldar. Þess í stað hefur þeim tekist að gera konuna að viðfangi líknarstarfs karla; karlinn verður harðstjóri og konan fórnarlamb.

Kvenfrelsararnir styðjast við skruddu franska rithöfundarins og heimspekingsins, Simone de Beauvoir (1908-1986), um síðra kynið (Le Deuxième Sexe), sem, eftir seinna heimsstríð, skrifaði eins konar handbók að skoðunum fræðakarla. Eftir útgáfu bókarinnar var gatan greið kvenfrelsunarforsprökkunum, Betty Friedan (1921-2006), Kate Millet (1934-2017) og Germaine Greer (f. 1939). Þær skrifuðu hverja endurtekninguna á fætur annarri, óðu elginn við að upphuga óhæfuverk karla í garð kvenna. „Þær afrituðu hugmyndir karla um konur, án vitundar um, að þær gætu eingöngu verið afleiðing klækjastjórnunar kvenna. Og þannig urðu

þær ... fórnarlömb eigin kvenkerfis.“ ... „En þær afrekuðu ekki neitt, nema að jórtra endurtekið á gömlum, mölétnum hugmyndum karla um konur. ... Hámark frumleikans [í málflutningi þeirra] var, þegar „Playboy“ tímaritið birti opnu með mynd af nöktum karlmanni.“ ... „Barátta þeirra var nær eingöngu studd körlum. En þar sem þær lifðu í þeirri hugvillu, að þær væru ofsóttar af körlum, misskildu þær sveigjanleika þeirra og túlkuðu hann sem styrk kvenna – og orguðu ennþá hærra.“

Kröfum kvenfrelsaranna (í svonefndri annarri bylgju kvenfrelsunar) var svarað jákvætt nær samstundis eins og kröfum um kosningarétt áður. Konur hafa sama rétt og karlar. En her hinna kúguðu kvenna, sem stjórna vildu þungavinnuvélum, greiða barnsmeðlög og berjast í stríði, átti sér engan stað i verunni.

Höfundur er ellilífeyrisþegi. Þýðingar eru hans.